



Umhverfisstofnun	
Áb. _____	_____
17. ágú. 2015	
Tilv. _____	_____

Carbon Recycling International  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. ágúst 2015  
Tilv.: UMH13090071/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Carbon Recycling International frá 12. september 2013 þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá ákvæði 2.8 í gildandi starfsleyfi frá 29. janúar 2010 sem fjallar um meðhöndlun alkóhóls í frárennsli, þ.e.a.s. kröfu um að settur verði upp búnaður til eyðingar alkóhóls í frárennslinu. Óskað er eftir að undanþágan gildi þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út og framleiðsla hefst í stækkaðri verksmiðju.

Í 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. laganna og er óheimilt að hefja starfsleyfis skyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Í samræmi við framangreint sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar, með afriti á Heilbrigðisnefnd Suðurnesja. Barst umsögn stofnunarinnar ráðuneytinu með bréfi dags. 11. október 2013. Í umsögninni kemur fram að samkvæmt grein 2.8 í starfsleyfi skuli rekstraraðili gera bráðabirgðaráðstafanir til hreinsunar á frárennsli þar til endanleg hönnun á hreinsun liggja fyrir, en innan sex mánaða frá því að framleiðsla hefst leggja fram tillögu að hreinsibúnaði og koma upp búnaði eigi síðar en ári eftir að framleiðsla hefst í stöðinni. Fram kemur að árið 2012 hafi Umhverfisstofnun hafið eftirfylgnimál vegna þess að stofnunin hafi talið að rekstraraðili uppfyllti ekki framangreint ákvæði starfsleyfisins. Í ljósi upplýsinga sem rekstraraðili veitti hafi það verið niðurstaða Umhverfisstofnunar að verksmiðjan væri í raun ennþá í prufukeysrslu og hafi stofnunin litið svo á að ekki væri um frávik að ræða frá starfsleyfi þó tillaga að endanlegum hreinsibúnaði lægi ekki fyrir. Umhverfisstofnun hafi bent á að ákvæði greinar 2.8 yrði virkt eftir að sex mánaða rekstartíma væri lokið. Við framangreinda málsmeðferð hafi komið fram að rekstraraðili miðaði við 20 ppm sem efri mörk af metanól í frárennsli, en sá styrkur hafi verið reiknaður út frá hönnunarforsendum verksmiðjunnar. Ekki hafi verið talið mögulegt að vera undir þessum mörkum í frárennsli á því stigi, nema til kæmi viðbótarþynning vegna annars frárennslis og viðbótarvatns, í heildina 120-föld þynning. Að síðustu bætist við þynning við niðurdælingu í borholu í jarðsjávarlag neðan 40 metra dýpis. Hafi það verið áætlun fyrirtækisins að halda þessu verklagi þar til endanlegur hreinsibúnaður væri tilbúinn til notkunar. Einnig kemur fram í umsögn stofnunarinnar að metanól sé efni sem komi fyrir í náttúrunni og brotni auðveldlega niður með lífrænum hætti. Engin losunarmörk fyrir alkóhól sé að finna í íslenskum lögum og regluverki. Að teknu tilliti til viðbótarþynningar við niðurdælingu frárennslisins og að metanól brotni auðveldlega niður í náttúrunni, telji Umhverfisstofnun takmarkaðar líkur á að núverandi prufukeysrsla verksmiðjunnar skaði grunnvatn eða náttúru svæðisins. Í umsögn Umhverfisstofnunar er staðfest að Carbon Recycling International hafi upplýst stofnunina um að fyrirtækið hyggðist sækja um nýtt

starfsleyfi fyrir stækkun verksmiðjunnar í 12 tonn af metanólframleiðslu á sólarhring. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar frá 2. október 2008 hafi starfsemin verið skilgreind sem framkvæmd skv. 1. viðauka sem ráðist sé í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vöru en séu ekki notaðar lengur en í tvö ár, sbr. b-lið 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Vekur Umhverfisstofnun athygli á að samkvæmt i-lið 7. tölul. 1. viðauka laga nr. 106/2000 eigi efnaverksmiðjur sem framleiða lífrænt hráefni að jafnaði að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að Carbon Recycling International verði veitt tímabundin undanþága frá ákvæði greinar 2.8 starfsleyfis í ljósi þess að rekstur verksmiðjunnar sé ennþá á prufustigi. Kveðst stofnunin leggja áherslu á að fullnægjandi lausn verði fundin á eyðingu eða förgun metanóls í frárennsli Carbon Recycling International áður en umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir stækkaðri starfsemi verði tekin til afgreiðslu.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu tilraunar til bindingar á koldíoxíði úr útblæstri frá orkuverinu í Svartsengi, Grindavíkurbæ dags. 2. október 2008 kemur fram að þann 14. ágúst 2008 hafi Carbon Recycling International tilkynnt fyrirhugaða tilraun til bindingar á koldíoxíði úr útblæstri frá orkuverinu í Svartsengi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og a-lið og b-lið 13. tölul. 2. viðauka laganna. Var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tilraun til bindingar á koldíoxíði úr útblæstri frá orkuverinu í Svartsengi, Grindavíkurbæ, væri ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum á grundvelli b-liðar 13. tölul. 2. viðauka laganna.

Samkvæmt framangreindu ákvæði laga nr. 106/2000 eru tímamörk þeirra framkvæmda sem tilkynntar eru til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli b-liðar 13. tölul. 2. viðauka laganna tvö ár. Samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar til Carbon Recycling International er gildistími starfsleyfisins hins vegar til 1. febrúar 2018 eða átta ár.

Í ljósi framangreinds mismunar á tímamörkum framkvæmdarinnar sem tilkynnt var Skipulagsstofnun og lá til grundvallar ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu, dags. 2. október 2008, og gildistíma starfsleyfisins óskaði ráðuneytið þann 19. nóvember 2013 eftir upplýsingum frá Umhverfisstofnun um hvaða forsendur lágu til grundvallar ákvörðun stofnunarinnar um útgáfu starfsleyfis til átta ára. Ráðuneytinu barst svar Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 3. desember 2013. Fram kemur í bréfi Umhverfisstofnunar að stofnunin hafi auglýst tillögu að starfsleyfi fyrir Carbon Recycling International á tímabilinu 23. október til og með 18. desember 2009. Þá hafi verið haldinn kynningarfundur um starfsleyfistillöguna þann 3. nóvember 2009. Hafi tvær athugasemdir borist stofnuninni á auglýsingartíma og hafi önnur verið frá Skipulagsstofnun. Hafi Skipulagsstofnun bent á að bygging verksmiðjunnar hafi verið tilkynnt til stofnunarinnar á grundvelli b-liðar 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 og að stofnunin teldi að það lagaákvæði heimilaði Umhverfisstofnun ekki að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ár frá gangsetningu og ætti gildistími starfsleyfisins því ekki að vera til ársins 2022 eins og stæði í tillögu Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir Carbon Recycling International. Hafi Umhverfisstofnun skýrt umsækjanda frá athugasemd Skipulagsstofnunar og gert honum grein fyrir því mati Umhverfisstofnunar að ekki væri hjá því komist að þrengja gildistíma starfsleyfisins. Hafi umsækjandi bent á að ekki væri víst að verksmiðjan yrði starfrækt samfellt í tvö ár frá gangsetningu og hafi farið fram á að tekið yrði tillit til þess að metanólframleiðsla kynni að liggja niðri við og vegna þess að hún yrði prófuð í þrepum auk þess sem uppsetning hreinsibúnaðar myndi valda rekstrarstöðvun. Hafi Umhverfisstofnun fallist á þessi sjónarmið og miðað gildistíma starfsleyfis við átta ár og þar af væri heimild til að framleiða metanól samanlagt í gildi í tvö ár. Þann 26. janúar 2010 hafi lokadrög af starfsleyfi Carbon Recycling International verið send Skipulagsstofnun til yfirlstrar og hafi Umhverfisstofnun borist svar Skipulagsstofnunar samdægurs. Í svari Skipulagsstofnunar hafi komið fram að ákvæði í b-lið 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 væri eina ákvæði laganna sem væri háð tímalengd og ætti að horfa til þess við útgáfu starfsleyfa. Aftur á móti hafi Skipulagsstofnun ekki hafnað tillögu Umhverfisstofnunar og ekki gert athugasemd við drögin eins og þau hafi verið lögð upp. Hafi Skipulagsstofnun velt því fyrir sér hvort þessi tímasetning starfsleyfis gæti verið fordæmisgefandi vegna annarra starfsleyfa sem Umhverfisstofnun gæfi út og sagt að e.t.v. væri æskilegt að í starfsleyfi Carbon Recycling International kæmi fram að starfsleyfið væri útgefið vegna tilrauna Carbon Recycling International á endurvinnslu koltvíoxíðs.

Með bréfi, dags. 30. júní 2014 óskaði ráðuneytið eftir mati Skipulagsstofnunar á því hvort starfsemi Carbon Recycling International félli undir b-lið 13. tölul. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Svar Skipulagsstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 21. ágúst 2014. Í svarinu bendir Skipulagsstofnun á að starfsemi Carbon Recycling International sé fyrsta og eina verkefnið sem stofnunin hafi fjallað um á grundvelli b-liðar 13. tölul. 2. viðauka laganna. Ákvæðið gildi um framkvæmdir skv. 1. viðauka laganna sem ráðist sé í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur sem ekki séu notaðar lengur en í tvö ár. Fram kemur að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið tekin 2. október 2008 og hafi niðurstaða stofnunarinnar verið sú að framkvæmdir væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þyrfti því ekki að meta umhverfisáhrif þeirra. Hinn 25. september 2013 hafi borist á ný erindi frá Carbon Recycling International um að fyrirtækið hygðist auka framleiðslu sína og hafi Carbon Recycling International óskað eftir álitum Skipulagsstofnunar á því hvort framleiðsluaukning myndi breyta niðurstöðum stofnunarinnar um matsskyldu tilraunaverksmiðjunnar. Svar stofnunarinnar í bréfi 9. október 2013 hafi verið á þann veg að tilraunátíminn væri að baki og því næsta mál að meta umhverfisáhrif starfseminnar sem félli undir 7. tölul. í 1. viðauka laganna. Hinn 1. nóvember 2013 hafi fulltrúar Carbon Recycling International komið á fund Skipulagsstofnunar og gert grein fyrir sínum sjónarmiðum um að enn væri verið að meta rekstrargetu verksmiðjunnar. Í minnisblaði Carbon Recycling International frá 10. nóvember 2013 hafi komið fram að þó svo að rúm fimm ár væru liðin frá því að Skipulagsstofnun hafi tekið ákvörðun um að starfsemin skyldi ekki háð mati þá hafi framleiðslan verið ósamfelld. Í stafsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir starfseminna væri miðað við þann tíma sem framleiðslan væri í gangi en ekki tímamál frá upphafi rekstrar verksmiðjunnar. Samanlagður tími í rekstri sé um 180 dagar. Í minnisblaðinu hafi einnig komið fram að vinna væri hafin við tilkynningu til Skipulagsstofnunar um byggingu verksmiðju með allt að 50 þúsund tonna ársframleiðslu. Þá komi fram í framangreindu minnisblaði að tilraunastarfsemin sé í raun tvískipt. Annars vegar til að kanna tæknilegan fýsileika og hins vegar til að sannreyna efnahagslegan grunn starfseminnar. Niðurstöður tæknihlutans liggi fyrir en framundan sé að kanna betur efnahagslegan grunn fyrir þeim lausnum sem Carbon Recycling International hafi þróað við vetnisbindingu koltvísýrings. Kveðst Skipulagsstofnun hafa með bréfi hinn 28. nóvember 2013 fallist á þau sjónarmið Carbon Recycling International að tilraunarekstrinum væri ekki lokið og dregið til baka fyrra bréf sitt frá 9. október 2013. Jafnframt hafi Skipulagsstofnun talið að framleiðsluaukning úr tíu í tólf tonn á dag kallaði ekki á sérstaka málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Fram kemur í bréfi Skipulagsstofnunar frá 21. ágúst 2014 að stofnunin telji skiljanlegt að rekstraraðili vilji miða við vinnsludaga þar sem þróun verklags og búnaðar kunni að leiða til þess að framleiðsla sé með hléum þar sem verið sé að yfirstíga margvíslega þröskulda. Skipulagsstofnun telji að æskilegt hefði verið að í upphafi við ákvörðun um matsskyldu haustið 2008 að taka fram hvort viðmið um tveggja ára tilraun miðaðist við samanlagða vinnsludaga eða tveggja almanaksára frá útgáfu starfsleyfis. Loks kemur fram að fulltrúar Carbon Recycling International hafi komið á fund Skipulagsstofnunar þann 27. mars 2014 þar sem fram hafi komið að fyrirtækið undirbyggi tillögu að matsáætlun fyrir verksmiðju í fullum rekstri. Eftir því sem stofnunin viti best þá sé slík tillaga í smíðum hjá fyrirtækinu.

Eins og fram hefur komið er Carbon Recycling International með starfsleyfi í gildi frá Umhverfisstofnun sem gefið var út 29. janúar 2010. Í beiðni fyrirtækisins til ráðuneytisins er óskað eftir undanþágu frá ákvæði 2.8 í starfsleyfinu sem fjallar um meðhöndlun alkóhóls í frárennsli þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út. Í umsögn Umhverfisstofnunar eru ekki gerðar athugasemdir við að veitt verði tímabundin undanþága frá umræddu ákvæði í ljósi þess að rekstur verksmiðjunnar sé ennþá á tilraunastigi. Vísar stofnunin til ákveðinna bráðabirgðaráðstafana fyrirtækisins þar til endanlegur hreinsibúnaður verður tilbúinn til notkunar og tekur einnig fram að metanól sé efni sem komi fyrir í náttúrunni og brotni auðveldlega niður með lífrænum hætti. Í ljósi þessa veitir ráðuneytið Carbon Recycling International undanþágu frá ákvæði 2.8 í gildandi starfsleyfi frá 29. janúar 2010 til 31. desember 2016, þó ekki til lengri tíma en þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Ráðuneytið vill auk framangreinds benda á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 fer úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála með úrskurðarvald hvað varðar útgáfu starfsleyfis samkvæmt lögnum. Það er því ekki á forræði ráðuneytisins að leysa úr slíkum úrlausnarefnum. Ráðuneytið telur engu að


síður rétt að benda á að í fyrrgreindum b-lið 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 eru tilgreindar „framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár“. Að mati ráðuneytisins er hér samkvæmt orðanna hljóðan átt við tveggja ára samfellt tímabil sem veitir þ.a.l. ekki rými til lengra framkvæmdatímabils í þeim tilfellum sem ekki er raunverulega nýtt allt tímabilið til þróunar eða prófunar. Er ráðuneytið því sammála fyrra mati Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar sem lá fyrir þegar umrætt starfsleyfi var til meðferðar hjá Umhverfisstofnun, þ.e. að umrætt lagaákvæði heimilaði Umhverfisstofnun ekki að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ár frá gangsetningu. Í því sambandi vill ráðuneytið þó taka fram að Skipulagsstofnun hefur nú þegar borist tillaga að matsáætlun vegna metanólverksmiðju Carbon Recycling International í Svartsengi, þ.e. þann 9. desember 2014, og þann 29. janúar 2015 var fyrirtækinu kynnt ákvörðun Skipulagsstofnunar þar sem hún féllst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun. Ráðuneytið vill einnig taka fram að með lögum nr. 138/2014 var viðaukum laga nr. 106/2000 m.a. breytt og er sambærilegt ákvæði og ákvæði b-liðar 13. tölul. 2. viðauka laganna nú að finna í lið 13.04 í 1. viðauka laganna.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Steinunn Fjöla Sigurðardóttir



Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Skipulagsstofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja